



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 28. september 2023

Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðningar hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins - MSS23060043

Þann 14. júní 2023 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði þann 8. júní s.á. Óskað var umsagnar innan þriggja vikna. Við yfirferð málaskrár hjá okkur kom í ljós að við höfðum ekki svarað þessari fyrirspurn og biðst ég afsökunar á því.

Fyrirspurnin

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um nýráðningar hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Hvað hafa margir starfsmenn verið ráðnir á þessu ári? Má rekja einhverjar nýráðningar til breyttra aðstæðna vegna styttingu vinnuvikunnar og ef svo er, hversu margar? Hafa einhverjir sumarstarfsmenn verið ráðnir og ef svo er, hversu margir? Einnig er óskað upplýsinga um kostnað vegna nýráðninga á árinu og hvort stjórn hefur verið upplýst um þær.“

Svar við fyrirspurn

Stytting vinnuvikunnar tók gildi 1. október 2022 og var starfsmönnum fjölgað um 25 vegna hennar sama ár. Fyrir lá fjárhagsáætlun, samþykkt af stjórn, og tók hún mið af fjölgun starfsmanna vegna styttingar vinnuvikunnar.

Það sem af er árinu 2023 hefur SHS fastráðið 11 nýja starfsmenn og koma þeir í stað 12 starfsmanna sem hafa hætt undanfarin misseri, ekki vegna styttingar vinnuvikunnar. Sumarstarfsmenn voru 24. Þar af var 21 með sjúkraflutningaréttindi sem leysti af í vaktavinnu vegna orlofs fastráðinna starfsmanna. Þrír sumarstarfsmenn voru ráðnir á verkstæðið, yngra starfsfólk sem meðal annars sér um viðhald lóða, slátt o.s.frv. Launakostnaður og annar kostnaður vegna framangreindra nýráðninga og sumarstarfsmanna rúmast innan fjárhagsáætlunar SHS fyrir árið 2023, sem var samþykkt af stjórn SHS 14. október 2022.

Virðingarfyllst,

Birgir Finnsson,
varaslökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.